

**STJÓRNARFUNDUR SSNV Í MIÐGARÐI
MÁNUDAGINN 21. JÚNÍ 2010 KL 10:00.**

Mánudaginn 21. júní kom stjórn SSNV saman til fundar í Miðgarði, Skagafirði. Mætt voru: Elín R. Líndal, Björn Magnússon, Ágúst Þór Bragason, Þórdís Friðbjörnsdóttir, Páll Dagbjartsson og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð. Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir sat fundinn undir 2. Þá sat fundinn Guðmundur Guðmundsson frá Byggðastofnun.

1. **Niðurstöður starfshóps um frekari samvinnu á sviði velferðarmála á Norðurlandi vestra.** Sveinn Allan Morthens formaður starfshópsins kynnti skýrslu starfshópsins og helstu niðurstöður. Samþykkt að ræða niðurstöðurnar á fyrirhuguðum fundum stjórnar SSNV og sveitarfélagana.
2. **SSNV-málefni fatlaðra**
 - a. **Fundargerð þjónustuhóps frá 9. júní s.l.** GSG fór yfir einstaka liði fundargerðarinnar.
 - b. **Fjárhagsáætlun 2011.** Lagður fram tölvupóstur frá félags og tryggingamálaráðuneytisins dags 26. maí s.l þar sem tilkynnt er um 5% hagræðingarkröfu á þá málaflökka sem undir ráðuneytið heyra vegna fjárlagagerðar 2011. Rætt um undirbúning gerðar fjárhagsáætlunar SSNV málefna fatlaðra fyrir árið 2011. Stjórn samþykkir að fela þjónustuhóp að vinna fjárhagsáætlun sem gerir ráð fyrir sama útgjaldaramma og árið 2010.
 - c. **SIS mat.** GSG kynnti fyrirkomulag mats á þörf fatlaðra einstaklinga fyrir stuðning, SIS mat sem unnið er á forsendum Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins og félags- og tryggingamálaráðuneytisins með samningi við SSNV málefni fatlaðra. Gert er ráð fyrir að matið verði framkvæmt á starfssvæði byggðasamlagsins á tímabilinu ágúst til september 2010. Gert er ráð fyrir að kostnaður við hvert mat verði 32.700 kr. pr. mat. Heildarkostnaður áætlaður um 2.3 m.kr. Stjórn samþykkir að byggðasamlagið standi straum af kostnaði matið.
 - d. **Önnur mál.**
 1. **Vinnugögn vegna gerðar viðaukasamnings við þjónustusamning SSNV málefna fatlaðra og Félags og tryggingamálaráðuneytið um þjónustu við fatlaða í Ólafsfirði:** Lagður fram til kynningar.
3. **SSNV**
 - a. **Fjárhagsáætlun 2011.** Framkvæmdastjóri lagði fram og kynnti drög að fjárhagsáætlun SSNV og SSNV atvinnuþróunar fyrir árið 2011. Stjórn samþykkir áætlanirnar fyrir sitt leiti og vísar þeim til afgreiðslu ársþings.
 - b. **Sumarfundur formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga.** Lögð fram fundargerð fundarins sem haldinn var þann 3. Júní s.l í Borgarnesi. Þar voru til umræðu
 - Sameiningarmál sveitarfélaga og eflingu sveitarstjórnarstigsins,

- Framganga skýrslu samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytis um landshlutasamtök sveitarfélaga,
 - Myndun samráðsvettvangs EES og EFTA þar sem samþykkt var að SSNV skipi einn fjögurra aðalfulltrúa landshlutasamtaka sveitarfélaga til eins árs.
 - Menningarsamninga ríkis og sveitarfélaga
 - Stöðu Sóknaráætlunar 20/20.
 - Námskeið sveitarstjórnafulltrúa.
 - Umsögn um frumvarp til breytinga á barnaverndarlögum.
- c. **Fundur með samgöngunefnd vegna Samgönguáætlunar 2009-2012.** Formaður og framkvæmdastjóri fóru yfir fund með samgöngunefnd alþingis þar sem rætt var um samgöngumál á Norðurlandi vestra innan samgönguáætlunar 2009-2012.
- d. **Almenningssamgöngur á Norðurlandi vestra.** Formaður og framkvæmdastjóri fóru yfir efni fundar með fulltrúum Samgönguráðuneytisins og Vegagerðarinnar um eflingu almenningssamgangna.
- e. **Árþing 2010 – efnistöð.** Rætt um dagskrá 18. árþings SSNV sem haldið verður á Blönduósi 27.-28. ágúst n.k. Tvær beiðnir um kynningu málefna á þinginu liggja fyrir auk málefna innan landshlutans. Stjórn felur framkvæmdastjóra að móta dagskrá í ljósi umræðu á fundinum.
- f. **Sóknaráætlun – staða mála.** Framkvæmdastjóri kynnti minnisblað eftir fund sem haldinn var þann 2. júní s.l. Helstu atriði var umræða um stöðu sóknaráætlunar innan stjórnkerfis með tilliti til samþættingar áætlana ríkisins, skilgreining og afmörkun starfssvæða og kynning áætlunarinnar á aðalfundum landshlutasamtakanna.
- g. **Undirbúningur funda stjórnar SSNV og sveitarfélagana.** Rætt um efnistöð og undirbúning funda stjórnar SSNV og sveitarfélagana. Framkvæmdastjóra falið að móta dagskrá fundanna í samræmi við það sem rætt var á fundinum og senda sveitarfélögunum.
- h. **Önnur mál.**
1. **Fundur um svæðisútlit RÚV á Akureyri.**
Framkvæmdastjóri skýrði frá fundi sem haldinn var með fulltrúum Eyþings, Háskólans á Akureyri og starfsmanna svæðisstöðvar RÚV á Akureyri um leiðir til eflingar svæðisútlits Norðurlands.
4. **SSNV atvinnuþróun**
- a. **Verkefnayfirlit atvinnuráðgjafa í maí.** Framkvæmdastjóri skýrði einstaka verkefni.
5. **Bréf og fundargerðir**
- a. **Tilkynning um árþing SASS 2010.** Þingið verður haldið á Selfossi dagana 9.-10. September n.k.
 - b. **Fundargerð stjórnar Eyþings frá 11 maí s.l :** Lögð fram til kynningar.
6. **Frumvörp til umsagnar**
- a. **Frumvarp til laga um stjórn vatnamála (EES-reglur, heildarlög), 651.**



mál. <http://www.althingi.is/altext/138/s/1206.html>

Lagt fram.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 12:45.

Jón Óskar Pétursson fundarritari

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.